



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** Enska 4. bekkur náttúrufræðibrautar – ENSK2OM06

**Kennarar:** Hilmar Gunnlaugsson ([hilmar@mr.is](mailto:hilmar@mr.is)), Sigurður Páll ([sigurdurp@mr.is](mailto:sigurdurp@mr.is)) og Katherine Louise Þóra Stokke ([katherine@mr.is](mailto:katherine@mr.is))

**Markmið:** Að nemendur

- auki orðaforða sinn í ensku
- kynnist málfari sem tengist raunvísindum
- fái yfirsýn yfir enska málfræði
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli. Miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði
- geti tjáð sig um dagleg málefni og óhlutbundin efni í tengslum við námsefni æfist í hlustun
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les, ritað sendibréf og gert útdrætti úr lesnu efni

**Kennslugögn:**

- **Enskuhefti English Reader- handa 4.bekk náttúrufræðibrautar:** (fjölrit MR).
- **Bók:** *Animal Farm* by George Orwell
- **Kjörbækur:** *Lord of the flies* by William Golding, *Born a Crime* by Trevor Noah and *Nettle and Bone* by Ursula Vernon
- **Skrifleg og munnleg verkefni**

**Námsmat:**

Í námskeiðinu er símat sem byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum og verkefnum á námstíma og skiptist þannig í lok annar:  
Orðaforði **30%**; Ritun og önnur verkefni - **5%**; *Animal Farm* – **15%**; kjörbók– **10%**;  
Fyrirlestur – **10%**; Hlustun – **10%**; Ástundun – **20%**

**Námsmat kann að breytast eftir að þessi kennsluáætlun hefur verið birt.**

**Athugið:** Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.